

Byggingar í Viðey



Viðeyjarstofa

Skúli Magnússon landfógeti fékk Viðey til aðseturs árið 1751. Skúli var merkisberi nýrra tíma á Íslandi. Hann setti á stofn Innréttingarnar í Reykjavík og hugðist þannig koma á fót iðnaði á Íslandi. Hann hefur oft verið nefndur faðir Reykjavíkur en í kringum Innréttingarnar óx fyrst upp þéttbýli í Reykjavík.

Skúli reisti Viðeyjarstofu sem embættisbústað landfógeta en stofan er fyrsta steinhúsið sem byggt var á Íslandi. Hún er að mestu úr grágrýti en einnig úr íslenskum sandsteini og var smíði hennar lokið árið 1755. Arkitekt stofunnar var Nicolai Eigtved en hann teiknaði margar sögufrægar byggingar í Kaupmannahöfn og er Amalienborg þeirra þekktust.

Næsti ábúandi Viðeyjar á eftir Skúla var Ólafur Stephensen, fyrsti íslenski stiftamtmaðurinn. Ólafur bjó í Viðey frá 1794 til dauðadags 1812. Hann var merkur framfarasinni og með búsetu hans í eyinni varð hún æðsta embættissetur landsins um níu ára skeið. Hann hélt ófáar veislur í Viðey og eru til margar frásagnir af þeim.

Arftaki Ólafs í Viðey var sonur hans, Magnús Stephensen konferensráð og dómstjóri. Magnús var, eins og Skúli Magnússon, maður upplýsingar og framfara. Hann réð yfir prentsmiðju, hinni einu á landinu á þeim tíma. Hún var starfrækt í Viðey á árunum 1819 – 1844. Magnús bjó í Viðey til dauðadags 1833. Hann keypti eyjuna af Danakonungi árið 1817 fyrir stórfé og var hún í eigu ættar hans út nítjándu öld.

Núverandi rekstur í Viðeyjarstofu

Í Viðeyjarstofu er nú bæði rekið kaffihús og veitingastaður en opnunartími fer eftir áætlunar-siglingum. Hægt er að panta húsið fyrir ýmsar samkomur allan ársins hring. Andrúmsloftið þar er rólegt og notalegt, húsið er ákaflega fallegt og virðulegt sem gerir staðinn ein-stakan fyrir mannfagnaði. Efri hæðin rúmar allt að 130 manns í sæti og á neðri hæðinni eru minni rými fyrir allt frá 10 til 25 manns. Gallery Restaurant – Hótel Holti sér um allar veit-ingar í Viðeyjarstofu og framreiðir dýrindis mat þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Í kjallara hússins hefur verið komið upp sögusýningu sem vert er að skoða.

Viðeyjarkirkja

Viðeyjarkirkja var reist að frumkvæði Skúla Magnússonar landfógeta. Hún er byggð úr grágrýti úr Viðey og var vígð árið 1774 af sr. Árna Þórarinssyni, þá sóknarpresti í Reykjavík en síðar biskupi á Hólum. Arkitekt kirkjunnar er ókunnur en gæti hafa verið Georg David Anton, eftirmaður N. Eigtveds, arkitekt Viðeyjarstofu. Viðeyjarkirkja er næst elsta kirkja landsins og geymir elstu upprunalegu kirkjuinnréttingu sem hér er til. Hóladómkirkja er elst, vígð 1763, en þar er endurgerð innrétting.

Sérstaða Viðeyjarkirkju

Það er einkum þrennt, sem athygli vekur í þessari gömlu innréttingu. Fyrst má nefna að prédikunarstóllinn stendur upp á altari. Slíkt er sjaldgæft hérlendis, en var ekki óalgengt á Norðurlöndunum á þessum tíma. Þetta hefur þá táknrænu merkingu, að boðun Guðs orðs skuli skipa hærri sess í guðsþjónustunni en altarissakramentið.

Annað sem vekur athygli er stóllinn sem stendur hægra megin við altarið. Hann er einstæður gripur í lúterskri kirkju á Íslandi, eini skriftastóllinn frá gamalli tíð. Fram á miðja 19.öld fengu menn ekki að fara til altaris hér á landi nema þeir hefðu skriftað fyrst. Þeir sem ætluðu til altaris fóru út í kirkju með prestinum nokkru áður en messa skyldi hefjast. Presturinn settist í stóllinn en þau sem vildu skrifta krupu eitt í einu á knébeð, sem var fyrir framan stóllinn. Þar fóru þau með utanbókarlærða almenna syndajátningu og fengu þá aflausn hjá prestinum

Þriðja atriðið varðar kirkjubekkina. Konur sátu vinstra megin í kirkju, þegar inn er horft, en karlar hægra megin, sem svo sem enn tíðkast við brúðkaup. Í Viðeyjarkirkju eru bekkirnir kvennamegin sjö sentimetrum lægri en bekkir karlanna.

Viðhafnir

Viðeyjarkirkja tilheyrir Dómkirkju Íslands. Hún er öllum opin og kirkjan er mikið notuð fyrir ýmsar athafnir, sérstaklega á sumrin.

Leitun er að rómantískari kirkju til að gifta sig í en kirkjunni hans Skúla fógeta. Þá er ógleymanleg stund þegar litlum krílum er gefið nafn og orgelið í litlu kirkjunni hljómar alveg ágætlega.

Þeim sem vilja nýta sér kirkjuna er bent á að hafa samband við verkefnastjóra í gegnum videy@reykjavik.is

Viðeyjarnaust

Viðeyjarnaust var reist árið 1986 af Hafsteini Sveinssyni, sem þá sá um rekstur Viðeyjarferjunnar.

Naustið er einfaldur skáli sem rúmar um 100 manns. Það er opið yfir sumartímann frá 11:30 – 17:00 og er vinsæll áningarstaður á göngu um eyjuna. Viðeyjarnaust stendur öllum gestum Viðeyjar opið meðan á áætlunarsiglingum stendur og því geta hópar átt von á að deila Naustinu með öðrum gestum sem koma til Viðeyjar. Alla útleigu á Naustinu eftir kl. 17:00 annast Elding/Hvalaskoðun (videy@elding.is) og meðal annars stendur hópum til boða að bóka húsið fyrir *Midnight Shell Feast* eða grilla þar aflann úr sjóstangaferðum.

Útsýni af pallinum við Naustið er einstaklega fallegt. Við skálann er myndarlegt kolagrill sem er öllum frjálst til afnota og vinsælt af fjölskyldufólki að koma með pylsur og annað góðgæti og skella á grillið. Gestum er bent á að hafa með allt sem þarf til grillsins, þ.e.a.s. allan mat og meðlæti, kol, grilltangir, diska, glös og þess háttar. Þetta þarf að bera frá bátnum og er um 10 mínútna gangur í Viðeyjarnaust. Inni er salernisaðstaða og vísir að eldhúsi.

Á vorin kemur fjöldi hópa barna á grunnskólaaldri í heimsókn til Viðeyjar og eiga þau athvarf í Naustinu. Skólahópar geta fengið Naustið frítt til afnota um vor og haust og geta skólar bókað húsið í gegnum videy@reykjavik.is eða í síma 6931440.

Naustið er lokað yfir vetrartímann frá 1. október til 15. maí.

Gamli skólinn

Árið 1907 var útgerðarfélagið P. J. Thorsteinsson & Co. stofnað og átti hlutafé þess að vera ein milljón sem þá var gríðarleg upphæð. Kallaðist félagið Milljónafélagið en stofnendur þess voru Pétur J. Thorsteinsson og Thor Jensen ásamt þremur Dönnum. Miðstöð þess var á austur-enda Viðeyjar og á skömmum tíma myndaðist þar reisulegt þorp með fjölda íbúðar- og fiskverkunarhúsa. Þar var einnig besta höfnin við Faxaflóa.

Milljónafélagið varð gjaldþrota árið 1914 en áfram hélt fiskverkun á Sundbakka. Árið 1924 gerði Kárafélagið eyjuna að útgerðarstöð sinni. Þá fjölgaði þorpsbúum og urðu þeir flestir 138 árið 1930. Ári síðar lagði félagið upp laupana og þá tók að fækka í þorpinu og árið 1943 fór það í eyði.

Skólahúsið var reist árið 1928 og heyrði skólinn undir Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi, enda tilheyrði Viðey þá Seltjarnarneshreppi.

Síðasti ábúandinn í gamla skólanum var Aðalsteinn Kristmundsson. Skáldið Steinn Steinarr, sem festi kaup á húsinu, hafði búsetu þar skamma hríð.

Í skólahúsinu er ljósmyndasýning um mannlíf í Viðey á fyrri hluta 20. aldar. Gefur þar að líta um 70 ljósmyndir, mest úr safni Örlygs Hálfðanarsonar bókaútgefanda og Viðeyings, og fræðslutexti um þorpið og búskapinn í Viðeyjarstofu.

Aðstaða fyrir gesti

Skólahúsið er opið fyrir gesti Viðeyjar á meðan á áætlunarsiglingum stendur og öllum er frjálst að nýta sér aðstöðuna þar. Inni er hlýtt og gott að vera ef veðrið er ekki eins og best verður á kosið. Þar eru borð og stólar fyrir fjölda manns, tvö salerni og eldhús með ísskáp og vaski. Hægt er að panta húsið á öðrum tímum og ef óskað er eftir veitingum og borðbúnaði er sjálfsagt að útvega slíkt. Nánari upplýsingar og pantanir fara í gegnum Eldingu (elding@elding.is) og ef óskað er eftir veitingum er einnig hægt að vera í sambandi við Viðeyjarstofu (videyjarstofa@videyjarstofa.is).

Vatnstankurinn

Viðeyingafélagið er félag brottfluttra Viðeyinga og afkomenda þeirra. Á áttunda áratug 20. aldar var vatnstankinum breytt í félagsheimili Viðeyingafélagsins en vatnstankurinn var reistur af Milljónafélaginu árið 1908 og tók hann um 150 tonn af vatni. Skip félagsins fylltu þar á ferskvatnstanka sína.

Vatnstankurinn er óvenjuleg bygging sem hægt er að leigja til fundar- eða veisluhalds. Í tanknum eru sæti fyrir hátt í 40 manns og hann rúmar 60 manna standandi samkomu. Tankurinn er í gamla þorpinu á austurhluta eyjunnar í um 15 — 20 mínútna, fallegri og skemmtilegri, göngu frá höfninni. Innréttingar eru einfaldar og tankurinn skryddur heimilislegum myndum. Sagan hreinlega umlykur mann á þessum sérstaka stað.

Aðstaða er ágæt; salerni og lítið eldhús.

Örlygur Hálfðánarson tekur við pöntunum fyrir hönd Viðeyingafélagsins í síma 562 6658, og þarf starfsmaður á vegum félagsins að vera á svæðinu á meðan á útleigu stendur.